


# KIWANISKLÚBBURINN HÖFÐI

GRAFARVOGUR - REYKJAVÍK



EO 895

STOFNDAGUR 17. APRÍL 1990  
FULLGILDINGARDAGUR 31. ÁGÚST. 1990  
VÍGSLUDAGUR 20. OKTÓBER 1990

---

## Skýrsla forseta Höfða.

### **Svæðisráðsfundur 13 nóvember 2010 ; Reykjavík**

Starf klúbbsins er komin á fullt skrið og lofar mæting félaga á fundi góðu á starfsárinu. Sumarstarf var með minna móti en venjan er sú að fara í að minnsta eina ferð saman að sumri í útilegu en að þessu sinn varð ekkert úr því. Árlegt golfmót Höfða fór fram að venju á golfvelli í Öndverðarnesi einnig sem árlegt golfmót við félaga okkar í Ölver fór fram.

Haustið byrjaði vel eins og fram hefur komið en haldnir hafa verið 3 félagsmálfundir auk tveggja Almennra funda. Einn af almennu fundunum var haldinn í samstarfi við aðra klúbba sem funda í Kiwanishúsinu og var fjölmenni á þeim fundi en ræðumaður kvöldsins var Jón Baldvin Hannibalsson en á þennan fund mættu 67 manns.

Stjórnarskipti fóru fram á Hótel Glymi í Hvalfirði og var góð mæting félaga ásamt mökum og tveggja gesta. Svæðisstjóri var fjarri góðu gamni en hann var hjá sínum klúbbi að sinna embættisverkum sínum og var því Sigurður Jóhannesson Höfðafélagi og fyrrum svæðistjóri fenginn í verkið sem hann skilaði með sóma. Teknir voru inn tveir nýjir félagar. Flestir gistu eða fóru síðla nætur til síns heima.

Undirritaður tók við Forsetaembættinu úr höndum Sigurðar Svavarssonar sem skilaði af sér góðu starfi en þess má geta að Höfði fékk viðurkenningu sem fyrirmyndar Klúbbur í hans stjórnartíð. Fjórir félagar fengu viðurkenningu fyrir 100% mætingu á síðasta ári. Félagi ársins var Gísli H Árnason en þess má geta að hann hefur lokið við að skrifa sögu Kiwanisklúbbsins Höfða.

**Starfsemi ungliðaklúbbsins er kominn á fullt og munum við annast inntöku nýrra félaga hjá þeim þann 15 nóv.nk. Hafa verið haldnir nokkrir fundir auk þess sem haldið var ball hjá þeim í skólanum og þótti það takast vel, en það var að sjálfsögðu liður í fjáröflun þeirra.**

**Það var regla hjá síðustu stjórn að halda stjórnarfundum þremur dögum fyrir fundi klúbbsins og verður þeirri reglu framhaldið og hafa verið haldnir 5 stjórnarfundir á heimili forseta og hefur mæting verið góð 7 til 8 á hverjum fundi auk þeirra nefndarmanna sem boðaðir hafa verið.**

**Framundan er síðan mikið starf við sölu flugelda og söfnun matvæla en við höfum gefið 25 fjöldskyldum veglegar matarkörfur rétt fyrir jólin en það verkefni er í nánú samstarfi við presta í Grafar og Grafarholtssókn. Einum styrk hefur verið úthlutað til einstæðrar móður sem er með fjögur börn á framfæri. Var henni færð matarútekt að upphæð kr. 150.000 í formi debetkorts sem eingöngu var hægt að nota í verslunum Krónunnar, en verslunin lagði til kr. 10.000.**

**Kiwanisklúbburinn Höfði, Lionsklúbbarnir í Grafarvogi auk Íslandsbanka á Gullinbrú sem allir áttu 20 ára afmæli á árinu hafa verið í viðræðum um að framkvæma saman einhver (fleiri en eitt) ákveðin verkefni í Grafarvogi og þann 10.nóvember var ákveðið að styrkja starfsemi fatlaðra aðila sem sækja þjónustu að Gylfaflöt. Framhald verður á þessu samstarfi og verður þess getið síðar hver þau verkefni verða.**

**Kiwaniskveðja**

**Guðmundur St. Sigmundsson  
Forseti Höfða.**